

kr. með þeim skilyrðum, að söluandvirði jarðarinnar ávaxtist undir umsjón stiptsyfirvaldanna sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign prestakallsins, með að minnsta kosti 4⁰/₀, að fyrstu 100 árin leggist 10⁰/₀ árlegra vaxta við höfuðstólinn, síðan 5⁰/₀, en að öðru leyti njóti beneficiarius vaxtanna, og að jörðin framvegis verði skoðuð sem bænda eign að því er skatta og skyldur snertir. 45
24. marz

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari aðgjörða, að því við bættu, að ef höfuðstólnum verður varið til að kaupa fyrir veðdeildarbrjef í Landsbankanum, verður að rita á brjef þessi að þau tilheyri prestakallinu og ákvæði stiptsyfirvaldanna um að eigi megi afhenda.

Brjef stjórnarráðsins til stiptsyfirvaldanna um sölu kirkjujarðar. Samkvæmt allraþegnsamlegastri tillögu stjórnarráðsins hefir Hans hátign konunginum 2. þ. m. allramildilegast þóknazt að veita allrahæst samþykki sitt til þess að selja megi jörðina Brúarland í Hofshreppi, sem heyrir undir Viðvíkurprestakall í Skagafjarðarprófastsdæmi, undan nefndu prestakalli fyrir 2280 kr. með þeim skilyrðum, að kaupandi greiði 600 kr. þegar er kaupin gerast og eptirstöðvarnar með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 15 árun; svo greiði hann og 4¹/₂⁰/₀ vexti af eptirstöðvunum og veðsetji seljanda jörðina með 1. veðrjetti til tryggingar skadlausri greiðslu, að söluandvirði jarðarinnar ávaxtist undir umsjón stiptsyfirvaldanna sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign prestakallsins, að 4⁰/₀ árlegra vaxta leggist við höfuðstólinn, en að öðru leyti njóti beneficiarius vaxtanna og að jörðin framvegis verði skoðuð sem bænda eign að því er skatta og skyldur snertir. 46
24. marz

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari aðgjörða, að því viðbættu, að ef höfuðstólnum verður varið til að kaupa fyrir veðdeildarbrjef í Landsbankanum, verður að rita á brjef þessi, að þau tilheyri prestakallinu og ákvæði stiptsyfirvaldanna um að eigi megi afhenda.

Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans í Reykjavík um endurgreiðslu á tolli. Í brjefi dagsettu 21. þ. m. hafið þjer, herra bæjarfógeti, látið uppi álit yðar um beiðni frá E. Árnasyni trjesmið hjer í bænum, þess efnis, að honum verði endurgoldinn tollur, er hann hefir greitt af 24 pt. brennivíns aðfluttum með skipinu »Kong Inge«, er hingað kom 26. okt. í. á. Hefir beiðandinn látið fylgja erindi sínu vottorð frá A. Stelling í Kaupmannahöfn um að hann hafi sent beiðanda með nefndu skipi 10 pt. af 16⁰ vínanda blönduðum með schellak til trjesmiðafágunar. 47
25. marz

Hafið þjer tekið fram að þegar beiðandi meðtók reikninginn yfir tollinn frá yður, hafi hann farið því fram, að hann ætti að vera laus við að greiða toll af þessari sendingu, en með því að hann hafði þá opnað ílátið og tekið á því